

Ed.

268. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og vill hún gera á því leiðréttingu við 6. gr. Hefir þar verið tekinn upp óbreyttur málsliður úr 12. gr. laganna, um að andvirði upptækrar vöru renni í rikissjóð, og telur nefndin þá endurtekningu óþarfa.

Einn nefndarmanna (MJ) var eigi viðstaddur á fundi nefndarinnar, er málið var afgreitt, og hefir hann því óbundið atkvæði um málið.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Á eftir orðunum „inn eru fluttar“ í 12. gr. laganna komi: eða framleiddar.

Alþingi, 31. okt. 1934.

Jón Baldvinsson,
form., frsm. .

Bernh. Stefánsson,
fundaskr.